

88
30. ágúst **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnassýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi, dags. 30. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Hrunamannahreppi, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til þess að þingstaður Hrunamannahrepps verði fluttur frá Hruna í hinn nýja barnaskóla hreppsins hjá Hellisholtum, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

89
29. sept. **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 2. þ. m., og beiðni hreppsnefndar í Aðaldælahreppi í Þingeyjarsýslu, veitir ráðuneytið hérmeð samþykki sitt til að þingstaður Aðaldælahrepps verði fluttur frá Ytrafjalli að Hólmavaði, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

90
9. okt. **Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Árnassýslu, um flutning þingstaðar.**

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í bréfi dags. 3. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Ölveshreppi í Árnassýslu, veitir ráðuneytið samþykki sitt til, að þingstaður Ölveshrepps verði fluttur frá Kröggólfsstöðum að Hveragerði, enda annist hreppsnefndin um, að jafnan verði til á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.